

112. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 5. nóvember 2014 kl. 16.30, í Fjölheimum

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir, Elín Einarsdóttir og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj.

Dagskrá:

1. Framlag ríkisins til Fræðslunetsins 2015 skv. fjárlagafrumvarpi

Framkvæmdastjóri kynnti. Málið reifað. Stjórn samþykkir svohljóðandi ályktun:

Fundur stjórnar Fræðslunetsins-símenntunar á Suðurlandi, haldinn á Selfossi 5. nóvember 2014 lýsir verulegum vonbrigðum með grunnframlag til starfsemi Fræðslunetsins og Háskólaþélags Suðurlands í frumvarpi til fjárlaga 2015. Stjórnin hafði réttmætar væntingar til að framlagið yrði hækkað í ljósi þess að starfssvæði félaganna tveggja stækkaði á árinu með aðild Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Á fundi stjórnar 22. janúar 2014, þegar aðild Hornfirðinga að Fræðslunetinu var samþykkt, var eftifarandi bókað:

1. Umsókn Hornfirðinga um aðild að Fræðslunetinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur með bréfi, dagsettu 17. janúar 2014, sett fram lausn um fjárframlag til að greiða fyrir aðild Hornfirðinga að Fræðslunetinu, sbr. umsókn Hornfirðinga, dagsett 9. 10. 2013. Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur samþykkt að Sveitarfélagið leggi til húsnaði undir starfsemina án endurgjalds árið 2014 að því tilskildu að fjármögnun að öðru leyti gangi eftir. Lausn ráðuneytisins og samþykkt bæjarráðs hljóða upp á alls 12,3 milljónir króna. Stjórn Fræðslunetsins bendir á að ofangreint tekur aðeins til ársins 2014 og leggur áherslu á að aðilar málsins, umsækjendur og mennta- og menningarmálaráðuneytið, leggist á eitt með stjórn Fræðslunetsins að vinna að stefnumótun um framhaldsfræðslu í Sveitarfélaginu Hornafirði og tryggja fjármögnun þess á fjárlögum. Í trausti þess samþykkir stjórn umsókn Hornfirðinga að Fræðslunetinu.“

Fræðslunetið og Háskólaþélgið hafa undanfarin misseri lagt mikla vinnu í stefnumótun fyrir þekkingarstarfsemi á Suðurlandi, m.a. að tilmælum ráðuneytisins. Þessi stefnumótun var send ráðuneytinu 10. mars síðastliðinn. Stjórnin hafði því réttmætar væntingar til að framlagið yrði hækkað.

Framlagið, eins og það birtist í áðurnefndu frumvarpi til fjárlaga, sýnir að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur brugðist því trausti sem á það var lagt og um leið er áframhaldandi starfsemi Fræðslunetsins í Sveitarfélaginu Hornafirði í uppnámi.

Fyrir liggur að Fræðslunetið endurnýi samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um „ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum.“ Að framansögðu treystir stjórn Fræðslunetsins sér ekki til að endurnýja samning við ráðuneytið að óbreyttu og taka á sig þá ábyrgð að tryggja Hornfirðingum eðlilega fullorðinsfræðslu.

Jafnframt beinir stjórn því til Ríkisendurskoðunar að hún taki til skoðunar framlög ríkisins til staðbundinnar þekkingarstarfsemi í landinu, þ.e. til símenntunarmiðstöðva og þekkingarneta.

2. Kjarasamningar KÍ

Framkvæmdastjóri kynnti og vék svo af fundi. Málið varðar þá starfsmenn FSS sem eru í KÍ. Stjórn samþykkir að óska úrskurðar samstarfsnefndar SNS og Félags grunnskólakennara á áðurnefndum samningum að því er tekur til þess starfsfólks Fræðslunetsins sem á aðild að Félagi grunnskólakennara.

Formaður Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarstöðva, skrifaði KÍ bréf, dagsett 10. september 2014 (sjá fylgiskjal), þar sem farið er fram á útskýringar á fjórum atriðum í samningnum og hvernig þau falli að störfum starfsfólks símenntunarstöðvanna sem á félagsaðild að Félagi grunnskólakennara. Í inngangi bréfsins koma fram ástæður þess að leitað er til félagsins um skýringar og er vísað til þess hér.

Á dögunum barst svar frá féluginu (sjá fylgiskjal). Stjórn Fræðslunetsins finnst svarið ekki fullnægjandi og fer því fram á úrskurð nefndarinnar svo fljótt sem auðið er.

3. Erindi frá formanni stjórnar Pekkingarselurs Nýheimra um aðild FSS að Nýheimum ses
Fr.kv.stj. kynnti. Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins að sinni.

4. Starfsemi Fræðslunetsins á haustönn 2014

Fr.kv.stj. kynnti. Óvenjumikið hefur verið umleikis á þessari önn. Einingabært nám á námsbrautum hefur aldrei verið umfangsmeira. Mjög margvísleg og fjölbætt starfsemi einkennir starfið á önninni. Starf Fjölmenntadeilda Fræðslunetsins hefur einnig gengið mjög vel. Þá eru þrjár mismunandi námsleiðir í boði á önninni í fjarkennslu, leikskólabrú, félagsliðabréu og stuðningsfulltrúabréu.

5. Önnur mál

- Fyrir liggar að starfsmaður FSS í Vík og á Klaustri mun hætta um áramót en áframhald starfseminnar verður tryggt þrátt fyrir það fram eftir næsta ári.
- Raki innanhúss í Fjölheimum hefur valdið vandræðum. Athugasemd hefur verið send leigusala. Málið er í ferli.
- Hugmyndir hafa komið frá starfsmannaféluginu að halda árshátíð á næsta ári, í stað jólahlaðborðs sem stjórn og starfsmenn hafa farið á saman undanfarin ár.

Fundi slitið kl. 18.40

The image shows three handwritten signatures stacked vertically. The top signature is "Greti Þorlaksson". Below it is "Óni Þorlaksson". At the bottom is "Þóra Þorlaksson". All signatures appear to be in cursive Icelandic script.